

# Hverfisráð Hríseyjar

## 140. fundur

Fimmtudaginn, 4. mars 2021, kl 19:50 var haldinn 140. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker. Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi og Ingibjörg Zophoníasdóttir þjónustufulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey voru áheyrnarfulltrúar fyrir hönd Akureyrarbæjar.

## Dagskrá:

### 1. Framkvæmdafé 2021 - tillögur

Innsendar hugmyndir að ráðstöfun framkvæmdafjár 2021 ræddar, en tekið var á móti tillögum frá íbúum rafrænt til og með 4. mars 2021 kl. 20. Formaður hverfisráðs las upp þær 27 tillögur sem höfðu borist, en flestar tillögur tengdust áframhaldandi uppbyggingu á hátíðarsvæðinu og fjölgun leiktækja fyrir börn. Einnig var mikið óskað eftir fegrun og uppbyggingu áningarstaða og gönguleiða. Hverfisráð mun skila tillögum til umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar og telur eðlilegt að farið verði að óskum ráðsins.

### 2. Staða á verkefnum og málefnum

Farið yfir stöðu á verkefnum og málefnum.

- a) Hverfisráð ítrekar ósk sína um að samþykkt skipulag hafnar- og miðsvæðis verði komið á framkvæmdaáætlun.
- b) Fáar eða engar lausar iðnaðarlóðir eru í boði í Hrísey, en telur hverfisráð að nauðsynlegt sé að farið verði í úthlutun iðnaðarlóða sem fyrst.
- c) Hverfisráð fagnar að í Hrísey sé veittur 75% afsláttur á gatnagerðargjöldum til ársloka 2021 en vill benda á mikilvægi þess að auglýsa það framtak betur en hefur verið gert hingað til.
- d) Hverfisráð ítrekar að ákallandi sé að gert verði við sjóvarnargarðinn, sbr. 104. fund hverfisráðs Hríseyjar 14. desember 2016, skýrslu hverfisráðs Hríseyjar á aðalfundi 07. júní 2017 og 138. fund hverfisráðs Hríseyjar 03. nóvember 2020.
- e) Ræddir möguleikar til að markaðssetja betur Hrísey sem kost til íbúðar, bent á að heppilegt væri t.d. að koma á hrisey.is upplýsingum varðandi búferlaflutninga í eyjuna.

### 3. Aðalfundur

Hverfisráð leggur til að aðalfundur verði haldinn vikuna fyrir eða eftir páska. Nánari dagsetning verður ákveðin í samráði við bæjarfulltrúa og auglýst í kjölfarið.

#### 4. Önnur mál

- a) Linda María Ásgeirsdóttir og Þröstur Jóhannsson mættu fyrir hönd Ferðamálafélags Hríseyjar. Staðan á framkvæmdum á Háborði og uppbyggingu göngustíga rædd. Ferðamálafélagið óskar eftir að þeim verkefnum sem á eftir að klára á svæðinu verði komið í framkvæmd.
- b) Bent er á að hafnarsvæðið er andlit eyjarinnar, en eftir brunann í maí 2020 hafa verið breyttar aðstæður á svæðinu. Hverfisráð fagnar að fyrirtækið Hrísey Seafood haldi áfram að vinna í eyjunni, en það er þó komin talsverð umferð lyftara og iðnaðartækja í „sundið“. Rætt hvort heppilegt væri að færa akveginn ofan við Salthúsið.
- c) Ræddar leiðir til að auka jafnvægi íbúa- og orlofshúsbyggðar í eyjunni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 22:05.

Claudia Werdecker  
Ingólfur Sigfússon  
Kristinn Frímann Árnason

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker